

10. aðalfundur ÆSKÞ

18. febrúar 2016

Haldinn í Neskirkju

Fundur hófst kl 17:13

Alls eru 25 mættir á fundinn.

Kosning fundastjóra: Fundurinn stingur upp á Katrínu sem fundarstjóra og er það samþykkt einróma.

Afhending styrks til Hjálparstarfskirkjunnar: Bjarni frá Hjálparstarfi kirkjunnar tekur við 500.000 króna styrk sem safnaðist á landsmóti 2015.

Skýrsla fráfarandi formanns: Lesin af Þórunni

Engar athugasemdir

Skýrsla Framkvæmdastjóra: Lesin af Jónínu Sif

Athugasemdir:

- Hversvegna hefur Biskupsstofa dregið sig út úr efnisgerð og námskeiðahaldi sem tengjast unglिंगastarfi?
 - Ástæðan er m.a. samdráttur á Biskupsstofu, aðeins eitt starfsgildi sem á að sjá um fræðsluefnisgerð í barna og unglिंगastarfi. Biskupsstofa mun áfram sjá um barnastarfið.
- Æskulýðsdagurinn hefur það alltaf verið á höndum ÆSKÞ?
 - Áður var það biskupsstofa en hefur verið ÆSKÞ síðast liðin tvö ár og þar áður ÆSKR.
- Farskóli fyrir austan – farskólinn þar er með 20 þátttakendur. Lítil afskipti ÆSKÞ af þeim farskóla.

Skýrsla Landsmótsstjóra – Lesin af Guðmundi Karli

Athugasemdir:

- Leiðtoga vantaði nokkra daga í 18 ára aldurinn, við erum að ala upp leiðtoga á heimasvæði, hluti er að fylgja sínum krökkum á landsmót. Að það sé möguleiki að taka “aðstoða leiðtoga” með á landsmót sem er ekki orðinn fullra 18 ára. Greiddir af sinni heimakirkju. Hjálpar til við að ala upp leiðtoga.
 - Tekið undir það á fundinum að þörf sé á að opna fyrir þennan möguleika.
- Að lokaorð Gísla verði gert að ályktun af fundinum.
 - Sett í önnur mál.
- Ekki nógu kirkjulegt mót, þarf að auka vægi kirkjunnar t.d. með því að hluti dagskrár s.s. messa fari fram í kirkju.

- Athugasemd við Vestmanneyjar sem landsmótsstað sökum stærðar og siglingar, sjóveiki er of mikið vandamál. Gengur ekki nema mótið sé haldið um sumar.
 - Fleiri taka undir að færa mótið fram á sumar.
- Vestmanneyjar geta vel tekið á móti svona stóru móti. En tímasetningin á mótinu er ekki góð þegar kemur að því fara með börnin á “Gubbólf” síður árekstur við veður og aðra viðburði.
- Vestmanneyjar frábær staður, en tímasetningin hefur ekki verið góð. Fóru af stað seint á föstudegi en misstu alveg af föstudeginum og voru svo þreytt á laugardeginum og þétt dagskrá. Þurfa að fá tækifæri til að skoða sig um á staðnum. Má ekki vera of þétt. Verða að fá að valsa um.
- Krökkunum fannst landsmót leiðinlegt því þau máttu ekki fara út úr húsi og voru alltaf inn í íþróttahúsi eða verið að ferja þau á milli staða. Gefa þeim lausan tauminn. Treysta þeim. Fá að skoða staðinn. Þau komu ekki til vestmanneyja - bara í höllina.
- Gegnum gangandi upplifun hjá krökkunum að það sé búið að loka þau ofan í kassa og þeim finnst það ekki gaman því þau mega ekkert fara. Minna mál í Vestmanneyjum en hefur verið áður. Þarf að halda vel utan um krakkana en samt þarf að skoða þetta betur.
- Ég segi fyrir mína parta að mér finnst mikilvægt að skoða meira helgihaldi en mín reynsla er að jesú birtist víðar en í helgihaldinu og það er ekki endilega þörf á helgistund til að það finnist. Jesú birtist víða.
- Erum alltaf í keppni um krakkana sama hvenær ársins það er.
- Landsmót hefur stækkað síðan hann fór fyrst að taka þátt í því. Það er engin tímasetning sem hentar betur fyrir landsmót en 2&3 helgina í okótber. Aldrei verið ófært. Ekkert um að vera í íþróttum og fl. Rúturnar eru eins ódýrar og hægt er. Byggja upp 5-6 staði við hringveginn sem henta vel undir landsmót.
- Krakkarnir eru mjög spenntir að fara á Akureyri svo þau þurfi ekki að fara í herjólf. Landsmót á Selfossi fljótlega.
- Mótið fært aftur um eina viku
 - af því að æskulýðsstarfið fer oft svo seint í gang.
- Tímasetning landsmóts
 - Sumarmót væri skemmtilegt en þessi tímasetning er í takt við kirkjuna. Oft dettur æskulýðsstarf niður á sumrin.
- Nýr í þessu komið á tvö landsmót, mér finnst vanta kristilegafræðslu á landsmóti. Hvert er hlutverk okkar í æskulýðsstarfi og hvar liggur sérstaða okkar? Fyrir mér er það kristinn boðskapur og við eigum að leggja meiri áherslu á hann. Fræðslu stundin á landsmóti hefur verið tengd við kristnatrú en síðan er farið í annað málefni en mætti vera öfugt fjallað um kristnina og tengt út frá því í hitt án þess að taka of langan tíma í það.
- Leiðtogum er ekki treyst og vantar upplýsingaflæði til þeirra.
- Hafa umræður beint eftir landsmót svo að feed backið sé í fersku minni.

Ársreikningar:

Útskýringar á hagnaði:

- Fleiri greiða staðfestingargjald en mæta á mótið
- Fengum fisk í styrk.

- Matur pantaður fyrir áætlaðan fjölda ekki alla sem skrá sig – þ.e. gert ráð fyrir forföllum og því minni matur sem fer til spillis.

Athugasemdir úr sal:

- Hvaðan koma styrkir?
 - Kirkjumálasjóður, Héraðssjóður á suðurlandi og Landsbankanum í Vestmanneyjum.
- Eðlilegur hagnaður af mótinu, þurfum ekkert hafa áhyggjur af því að eiga nokkrar krónur inn á bankabók.

Samþykkt einróma.

Fjárhagsáætlun

- Höfum ekki fengið staðfestingu á styrkjum ársins.
- Salur: er ekki betra að koma út í plús en í mínus?
- Guðmundur óttast að mótskostnaður við mótið á Akureyri verði hár.

Samþykkt einróma.

Aðildargjöld

Lagt til að aðildargjöld verði hækkuð úr 25 þúsund í 30 þúsund krónur.

- Óska eftir því að kirkjur með meira bolmagn borgi meira?
- Hvað fá söfnuðir fyrir aðild?
 - Fjárhagslegur ávinningur er lítill – 1000 krónur en svo að hafa möguleika á að tjá sig og taka þátt í starfi ÆSKP
- Að framkvæmdastjóri geri betur grein fyrir að hvaða málum ÆSKP vinnur í skýrslu sinni – hvað er að gerast og hvar baráttan fer fram.
 - Margt sem ekki er hægt að birta af persónuendarástæðum þegar ÆSKP þarf að ganga inn í innra starf og oft viðkvæm samskipti. EN höldum því að lofti að skimun á sér stað á hverju landsmóti/ fyrir hvert landsmót sem hefur gífurlegan fælingarmátt.
- Sí endurtekin umræða um aðildargjöldin – lítið sem maður græðir meira til að styrkja. Var vonast eftir því að þetta yrði tölvuverð tekjulind. Aðildarfélögum hefur lítið sem ekkert fjölgað á síðustu árum, en félagsgjöldin ættu að vera hvati í því þar sem það gæti verið mikilvægur burðarliður í starfi ÆSKP

Kosning um hækkuð gjöld: 4 atkvæði

Kosning um óbreytt gjöld: 6 atkvæði

Starfsáætlun 2016 – Jónína

Athugasemdir:

Þórunn – Saga ÆSKÞ í tilefni 10 ára afmælis

*Nýta 10 ára afmælið til að fjölga félögum með öflugri kynningu í kirkjunni allri.
Prestastefna, kirkjuþing, héraðsfundur ofl*

Kosning til stjórnar

Jónína Sif Eypórsdóttir og Sólveig Ragna töldu atkvæði.

Áfram situr Guðmundur Karl Einarsson sem gjaldkeri til eins árs.

Formaður til eins árs.

Eva Björk Valdimarsdóttir (14 atkvæði)

Ritari til tveggja ára

Þórunn Áslaug Harðardóttir (15 atkvæði)

Meðstjórnendur til tveggja ára:

Sigurður Óskar Óskarsson (10 atkvæði)

Sigríður Rún Tryggvadóttir (9 atkvæði)

Katrín Helga Ágústsdóttir (5 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Sunna Dóra Möller (3 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Steinunn Anna Baldvinsdóttir (3 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Varamenn til eins árs

Ása Laufey Sæmundsdóttir (13 atkvæði)

Hjalti Jón Sverrisson (13 atkvæði)

Katrín Helga Ágústsdóttir (9 atkvæði)

Sunna Dóra Möller (9 atkvæði)

Bryndís Valbjarnardóttir (7 atkvæði + 7 atkvæði)

Rakel Brynjólfsdóttir (7 atkvæði + 6 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Steinunn Anna Baldvinsdóttir (6 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Erla Björk Jónsdóttir (5 atkvæði) – Náði ekki kjöri

Kosið var að nýju á milli Bryndísar og Rakelar til þess að skera úr um hvor skyldi vera varamaður

Skoðunarmenn reikninga

Magnús Magnússon 11

Stefán Már Gunnlaugsson 10

Pétur Þorsteinsson 0

Önnur mál

Landsmótsnefnd

Ályktanir:

- Stefán Már: ÆSKP er að taka að sér ýmis málefni sem eiga að vera á höndum biskupsstofu og við eigum frekar að vera í grasrótinni. Biskupsstofa á ekki að fá að skera sig frá unglingastarfi og fela sig á bak við barnastarf. Fræðslustefna/ biskupsstofu ber ábyrgð á þessu.

Ályktun:

Aðalfundur ÆSKP haldinn 18 febrúar í Neskirkju harmar að biskupsstofa hafi hætt samstarfi um fræðslunámskeið fyrir leiðtoga og einnig hætt að sinna efnisgerð fyrir unglinga starf. Fundurinn minnir á það er hlutverk biskupsstofu að framfylgja fræðslustefnu þjóðkirkjunnar með námskeiðum fyrir starfsfólk og gerð fræðsluefnis. Fundurinn beinir því til biskups að endurskoða þessa stefnu og blási til sóknar um barna og unglingastarf.

Ályktunin er samþykkt einróma

Ályktun:

Aðalfundur tekur undir orð Gísla Landsmótstjóra og beinir því til kirkjuráðs að taka tillit til eftirfarandi: Ég vil lýsa óánægju minni með þá ákvörðun ráðandi aðila í kirkjunni okkar að velji helgina sem Landsmót ÆSKP er haldið undir kirkjuþing. Landsmót ÆSKP er fjölmennasti einstaki viðburður kirkjunnar og því eðlilegt að sem flestir sem halda utan um stjórnartaumana geti tekið þátt í mótinu eða a.m.k. fylgst með á hliðarlínunni. Ég vil minna ráðamenn á hverjir það eru sem koma til með að verja kirkjunar okkar í framtíðinni en það er unga fólk sem hana sækir og sækir þetta mót.

Samþykkt einróma

Ályktun:

Að kirkjuráð taki fyrir starfsreglur æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar á Kirkjuþingi svo hún megi starfa á ný. Æskulýðsnefndin getur verið mikilvægur samstarfsvettvangur í Æskulýðsmálum og styrkir innra samstarf í kirkjunni.

Samþykkt einróma